

Mánudaginn 27. júní

Nr. 31/1911:

Réttvísinn

gegn

Axel Samúelssyni.

D ó m u r:

Með aukréttardómi Reykjavíkur kaupstaðar, gengnum 26. febrúar þ. á., var hinn ákærði, unglingspiltur Axel Samúelsson í Reykjavík, dæmdur fyrir þjófnað samkvæmt 230. og 231. gr. 4. málslíð almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta betrunarhússvinnu í 8 mánuði og til að greiða in solidum með meðákærða fyrir aukaréttinum, Arnóri Björnssyni, endurgjald til Sigurðar Jónssonar steinsmiðs í Reykjavík 6 kr. 25 au. Svo skyldi ákærði og greiða helming alls sakarkostnaðarins í héraði, en þar með eru taldar 12 kr. í málflutningslaun til talsmanns beggja hinna ákærðu fyrir aukaréttinum, Odds yfirréttarmálaflutningsmanns Gíslasonar.

Þessum dómi hefir, að því er ákærða Axel Samúelsson snertir, eftir ósk hans og af hálfu réttvísinnar verið skotið til yfirdómsins.

Það er sannað í málinu með játningu ákærða og öðrum skýrslum, að dag einn í nóvembermánuði síðastliðnum fór hann og meðákærði Arnór Björnsson um miðdegisleytið heiman frá sér á bát inn í Sund, og ætluðu sér að skjóta fugla eftir því sem þeir hafa borið. Komu þeir þá inn á Eiðsvík, þar sem fiskiskip ýms eru höfð í vetrarlagi, og fóru þá upp í skipið Litla-Harald, og tóku þar blýsökku, er lá á þilfarinu, og höfðu á burt með sér. Síðan fóru þeir upp í fiskiskipið »Sæbjörgina«, brutu

upp læsinguna fyrir lyftingunni, og fóru niður í hana, og tóku þaðan 40 blýsökkur, kaðal, færi, og lýsisbrúsa, og loks fóru þeir upp í fiskiskipið »Guðrúnu Soffíu«, komust þar ofan í lyftinguna um þilfarsgluggann (skylightið) og tóku þaðan 23 blýsökkur og eitthvað af fær-um. Af þýfinu, sem ákærðu fluttu heim til sín, voru þeir búnir að selja kaðalinn og 2 færi Sigurði steinsmið Jónssyni, er þjófnaðurinn komst upp, fyrir 6 kr. 25 au., en sökkurnar, sem hafa verið taldar til uppjafnaðar 1 kr. 60 au. virði, hafði þeim ekki enn tekist að selja, og lýsisbrúsanum höfðu þeir kastað burtu. Eigendurnir hafa fengið muni sína aftur, að brúsanum undanteknum, en endurgjalds hefir verið krafist á téðum 6 kr. 25 au. Ákærði hafði neytt véns, er hann framdi þjófnaðinn, en virðist þó eigi hafa verið svo ölvaður, að það eigi að hafa áhrif á refsingu hans.

Ákærði er fæddur 13. sept. 1890 og hefir eigi áður sætt ákæru eða dómi fyrir nokkurt lagabrot. Framan- greint afbrot hans er af undirdómaranum réttilega heim- fært undir 230. og 231. gr. 4. málslið hegningarlagna, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhússvinna. Yfirdómurinn felst og á ákvæði auka- réttardómsins um endurgjald til Sigurðar Jónssonar og verður eftir atvikum að láta óhöggud ákvæði dómsins um sakarkostnaðinn í héraði, og ber því að staðfesta aukaréttardóminn að öllu leyti. Ákærða ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóm- inum, er ákveðast 12 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og máls- færslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Axel Samúelsson greiði og allan áfryjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu- og sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 12 kr. til hvors.

Iðgjöldin greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og skal honum yfirleitt fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 4. júlí.

Nr. 32/1910:

Réttvísinn

gegn

Bjargmundi Guðmundssyni.

*D ó m u r:

Með skilorðsbundnum dómi samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóvbr. 1907, sem upp var kveðinn í aukarétti Gullbringu og Kjósarsýslu 17. marz þ. á., var Bjargmundur Guðmundsson, vinnupiltur í Urriðakoti, dæmdur í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð samkvæmt 253. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869; svo skyldi hann og greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun, 12 kr., til talsmanns